Til skólastjóra grunnskóla, skólaskrifstofa, sveitarfélaga og hagsmunaaðila.

Dreifibréf undanþágunefndar grunnskóla fyrir skólaárið 2018-2019

Undanþágunefnd grunnskóla metur umsóknir skólastjóra um heimild til að lausráða starfsmann, sem ekki hefur leyfi mennta- og menningarmálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla, samkvæmt 1. gr. laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og reglugerð nr. 440/2010 um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla.

Sótt er um rafrænt í gegnum island.is með íslykli skólans. Sjá leiðbeiningar í tölvupósti nefndarinnar til skólastjóra, dags. 20. mars sl., sjá hér. Til að afgreiðsla umsókna gangi fljótt og vel er nauðsynlegt að umsóknir séu vandlega útfylltar og að þær upplýsingar og þau fylgigögn sem beðið er um fylgi með umsókn. Nefndin áskilur sér rétt til að synja afgreiðslu á ófullnægjandi umsóknum.

Fylgigögn umsókna:

1. Afrit auglýsinga þar sem tilgreindar eru dagsetningar á birtingu. Öll störf þarf að auglýsa a.m.k. tvisvar í dagblaði á landsvísu eða á sérstöku vefsvæði um laus störf hjá hlutaðeigandi sveitarfélagi. Vefauglýsing telst endurtekin sé umsóknarfrestur framlengdur um a.m.k. 14 daga. Ekki þarf að auglýsa nema einu sinni þegar um er að ræða undanþágubeiðni til að endurráða einstakling sem er í námi til kennsluréttinda. Slíkri umsókn skal fylgja staðfesting á að viðkomandi sé í námi og áætlun um námsframvindu.
2. Afrit menntunargagna. Tekið skal fram að ef sótt hefur verið áður um fyrir viðkomandi starfsmann þarf ekki að senda aftur menntunargögn, nema ef starfsmaður hefur bætt við sig menntun.

Vakin er athygli á eftirfarandi atriðum:

1. Skólastjóra er ekki skylt að leita til undanþágunefndar sé um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum á viku eða minna, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2008. Samkvæmt greininni er skólastjóra heimilt að ráða sérfræðing tímabundið að hámarki eitt skólaár í senn til að kenna sérgrein sína, enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum eða minna á viku. Hér er einkum átt við þegar um kennslustörf er að ræða sem menntun og sérhæfing fastra kennara dugir ekki til, svo sem vegna mjög sérhæfðrar eða óvenjulegrar kennslu miðað við viðkomandi skólastig, t.d. kennslu í ákveðnum valgreinum á unglingastigi, kennslu í afmörkuðum þáttum lífsleikni og ýmis tilfallandi verkefni. Eftir sem áður þarf að auglýsa stöðuna.
2. Í kjarasamningi Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga er fjallað um auglýsingu starfa í gr. 14.1. Þar segir m.a.: „Öll störf skulu auglýst laus til umsóknar á opinberum vettvangi. Skal það gert með 14 daga fyrirvara að jafnaði. Þó er ekki skylt að auglýsa afleysingastörf, svo sem vegna fæðingarorlofs, námsleyfis eða veikinda, eða störf þar sem ráðning skal standa 12 mánuði eða skemur eða tímavinnustörf.” Undanþágunefnd grunnskóla lítur svo á að hafi skólastjóri ekki tök á að ráða einstakling með leyfisbréf til kennslu á grunnskólastigi til að sinna afleysingastörfum ber að auglýsa stöðuna.
3. Þegar um er að ræða umsókn vegna kennslu í skólaíþróttum ber að tilgreina hvort um sé að ræða sund- og/eða íþróttakennslu. Umsóknir vegna sundkennslu eru samþykktar með þeim fyrirvara að viðkomandi starfsmaður taki hæfnipróf sundstaða,

sbr. reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. **Samþykkt undanþágunefndar grunnskóla á þróttakennslu inniheldur því ekki sundkennslu.** Umsóknir vegna forfallakennslu eru ekki fyrir forfallakennslu í sundi.

4. Fáist heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann gildir sú heimild aldrei lengur en til eins árs í senn. Ekki má endurráða slíkan starfsmann án undangenginnar auglýsingar.
5. Mælst er til þess að starfsmaður sem sinna á kennslustarfi sé ekki settur á launaskrá fyrr en undanþáguheimild liggur fyrir.

Undanþágunefnd grunnskóla er þannig skipuð: Erla Ósk Guðjónsdóttir, formaður fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands, María Steingrímsdóttir, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins og Bjarni Ómar Haraldsson fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Með bestu kveðju f.h. undanþágunefndar grunnskóla
Erla Ósk Guðjónsdóttir